

Örlogastundir Framh. af síðu 64

gegn æðisgengnu öldurótinu. Kraftar þeirra þrutu og dauðaöldurnar hrifsuðu þá hvern af öðrum. Hjálparkokkurinn, 17 ára piltur, varð fyrstur til að lúta þessu reginafli. Hetjulund og karlmennska hans var síðar í frásögur færð. Um leið og aldan þeytti honum fram með skipshliðinni, kallaði hann æðrulaust og rólega til félaga sinna í reiðanum: „Verið þið sælir, piltar“.

Við horfðum á þetta en gátum ekkert aðhafst. En nú fór að falla út og þá lægði brimið.

Þá gerðist hlíð óvænta

Í ólátunum um flóðið hafði komið los á trollbaujuna og einn brotsjórninn brotið hana neðan við flottunnuna. Skipverjar gátu því losað hana frá vantinum og eftir nokkrar tilraunir tókst að fleyta henni til okkar sem vorum á trillunni inni í gjánni. Þessar tilraunir höfðu tekið langan tíma og valdið vonbrigðum. Þegar baujuvírinn var af og til að festast í botni óttuðust sumir skipverjar og við reyndar líka, að ekki tækist að ná baujunni. Þess vegna ákváðu þrír strandmanna að freista þess að synda til okkar. Tveimur tókst það, en sá þriðji sökk, talið að hann hafi fengið krampa. Nú, en loksins náðum við baujunni, sem erfiðlega gekk, þar sem brotin gengu þarna inn eftir öllu og baujan föst á grynningu, en með harðfyllgi nokkurra manna tókst að sækja hana á litla bátinum sem áður er getið. Síðan bundum við svert tóg í hana og skipverjar drógu hana til sín. Næst var að binda fjöggra manna far, sem Metúsalem átti, við liflínuna. Áður höfðum við bundið marga belgi utan á bátinn til að verja hann áföllum og auka flot hans og stöðugleika. Síðan drógu

skipverjar bátinn út til sín, en vegna brims og kletta sem komu upp úr um fjöruna, var báturinn ekki tekinn að skipshlið, heldur renndu strandmenn sér niður í bátinn á kaðli og gekk það all vel. Í fyrstu ferðinni komu 4 menn til okkar í trilluna, í næstu ferð aðeins tveir, enda var þá báturinn mikið brotinn. Þá var bátur Guðjóns á Stafnesi búinn belgjum og festur við taugina. Fjórmenningarnir sem eftir voru á hvalbaknum drógu hann út til sín, en komu honum ekki eins nærri og áður, enda var nú farið að falla að og brim hafði aukist. Einn maður komst við illan leik niður í bátinn, en þá slitnaði taugin og bátinn rak að landi. Þeir er enn voru um borð reyndu að fleyta baujunni til okkar á nýjan leik, en aðstæður höfðu stórversnað. Menningarnir voru því sambandslausir og bjargarlausir. Sjáum við þá að tveir þeirra stökkva fyrir borð. Annar þeirra synti yfirvegað, stakk sér undir öldufaldinn og náði til okkar eftir mikla þrekraun. Það var Friðmann Helgason (frásögn Guðmundar er að hluta byggð á ummælum hans eftir slysið). Hinn var óheppnari, hefur kannski slegist við klett. Hann fannst örendur í fjörunni með sár á höfði. Sá þriðji var þá einn eftir um borð. Það var gamall maður. Hann mun ekki hafa treyst sér til að synda til okkar. Þegar hækkaði í fór hann aftur upp í reiðann. Þar lét hann fyrir berast alla nóttina. Í birtingu töldu menn sig hafa séð hann hreyfa sig. Brim hafði vaxið og veður versnað. Um klukkan 9 um morguninn brotnaði skipið í tvennt. Framhlutinn, með framastri og hinum aldna sjómanni, hvarf hægt og hljóðlaust ofan í gjána innan við Kolaflúð.

Örlogastundir, sem seint munu gleymast.

J.T.

Tónleikar í Ytri-Njarðvíkurkirkju

Hjónin Gróa Hreinsdóttir og Guðmundur Sigurðsson héldu tónleika í Ytri-Njarðvíkurkirkju, laugardaginn 5. apríl sl., og var það þáttur í Menningarvöku Suðurnesja.

Í nokkur ár hefur Gróa haft hér afskipti af tónlistarmálum og farnast vel, bæði sem einleikari á pianó, söngstjóri og undirleikari. Músikgáfa hennar er augljós og tæknin orðin býsna góð, en enn er Gróa ung að árum, eins og maður hennar, Guðmundur, sem ég veit ekki til að hafi numið söng fyrir en hjá konu sinni. Hann hefur góða, fallega

rödd, sem hann þarf að þjálf af kostgæfni, efla sjálfstraustið og láta svo gamminn geisa, eins og t.d. í Á Sprengisandi, sem hann söng sem aukalag.

Verkefnaskráin var fjölskrúðug, flestir þekktustu gömlu snillingarnir voru þar samankomnir: Bach, Kaldalóns, Chopin, Mozart, Schubert, Brahms og margir fleiri, bæði innlendir og erlendir.

Tónleikunum lauk með aukalögum, blómum og þakklæti áheyrenda fyrir góða skemmtun.

J.T.



Tónleikar hjónanna Gróu Hreinsdóttur og Guðmundar Sigurðssonar voru vel sóttir.

† Svava Sigurjónsdóttir

Fædd 3. júlí 1926.

Dáin 14. apríl 1979.

Þetta er síðbúin kveðja til svilkonu minnar, Svövu Sigurjónsdóttur, sem lést þann 14. apríl 1979.

Svava var fædd í Nýjabæ á Vatnsleysuströnd, 3. júlí 1926 og voru foreldrar hennar Sigurjón Jónsson, dáinn 25. maí 1955, og Guðlaug Guðjónsdóttir, sem á nú á bak að sjá ástkærri dóttur.

Mér verður ávallt minnisstætt þegar ég kynntist Svövu árið

1963, nýflutt frá öðru landi hingað til Íslands sem útlendingur. Hún tók mér svo alúðlega og var ávallt eins við mig og mína fjölskyldu. Mér finnst tömlégt að koma á Faxabraut 37b í Keflavík, eftir að hún er horfin. Ég sakna hins hlýja viðmóts hennar og þess að sjá hana ekki koma brosandí til dyra.

Svava var gestrisin, gamansöm og glaðvæð og það var svo



notalegt að vera í návist hennar. Hún lét sér ávallt mjög annt um fjölskyldu sína, ekki síst Guðlaugu móður sína, sem ávallt bjó heima hjá henni, eftir að hún fluttist til Keflavíkur.

Seinustu árin vann Svava í

mötuneyti Varnarliðsins og eignaðist þar eins og alls staðar góða vini, sem róma hana sem traustan starfskraft og góðan félag. Hún var hörð af sér og lét lítið á veikindum sínum bera.

Að lokum var það hjartaáfall sem dró hana til dauða, en hún vann fram á seinasta dag.

Svava hafði yndi af því að sauma út og eftir hana liggja margar myndir með fallegu handbragði. Hún var mjög heimakær kona og bjó manni sínum, Gesti Rósinkarssyni og syni sínum, Guðjóni, fagurt heimili.

Með Svövu er gengin góð kona, sem bar gott fram úr göfugu hjarta sínu. Blessuð sé minning hennar.

Anna Petersen